



Forsætisnefnd

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um reglur sem gilda um trúnaðarmál - umsögn

Á fundi forsætisnefndar 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Mál eru ítrekað trúnaðarmerkt í ráðum og nefndum borgarinnar stundum án sýnilegrar ástæðu. Í sumum tilfellum er ljóst að trúnað þarf að halda þegar um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni. Í öðrum tilfellum er óljóst hvað ræður. Nú hefur verið lagt fram svar frá skrifstofu borgarstjórnar með vísan í sveitarstjórnar-/upplýsingalög. Hér er spurt um verklag Reykjavíkur. 1. Hvaða reglur gilda um hvaða mál eru gerð að trúnaðarmáli sem lögð eru fyrir borgarráð og önnur ráð borgarinnar? 2. Eru til samræmdar reglur á milli sviða borgarinnar? 3. Mjög matskenndar aðferðir eru notaðar milli sviða og oft á tíðum eru gögn trúnaðarmerkt að ástæðulausu – hvernig stendur á því? 4. Er búið að gefa út handbók til embættismanna sem skerpa á reglum hvað varðar trúnaðarmerkt gögn? 5. Ef ekki – hvers vegna?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar.

Á fundi forsætisnefndar 11. júní sl. var lagt fram ítarlegt svar skrifstofu borgarstjórnar þar sem farið er yfir þær lagareglur sem gilda um aðgang kjörinna fulltrúa að gögnum sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar um aðgang almennings að sömu gögnum. Í framhaldsfyrirspurn er spurt um verklag Reykjavíkurborgar varðandi trúnaðarmerkingar gagna. Vísað er til fyrra svars varðandi sama efni en jafnframt er hér svarað að nýju þeim spurningum sem númeraðar eru í fyrirspurninni:

1. Ákvæði sveitarstjórnarlaga og upplýsingalaga (auk sérlaga þegar við á) gilda um það hvaða mál eru gerð að trúnaðarmáli á dagskrá nefnda og ráða Reykjavíkurborgar. Verklag Reykjavíkurborgar er í samræmi við gildandi lög.
2. Öll ráð og nefndir Reykjavíkurborgar fara eftir sömu lagaákvæðunum um aðgang að gögnum.

3. Öll ráð og nefndir Reykjavíkurborgar fara eftir sömu lagaákvæðunum um aðgang að gögnum. Ekki er vitað til þess að matskenndar aðferðir séu notaðar en mál sem lögð eru fram á fundum nefnda og ráða eru eðli málsins samkvæmt misjöfn bæði að efni og formi.
- 4.-5. Allir embættismenn hafa aðgang að ákvæðum sveitarstjórnarlaga, upplýsingalaga og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar í hentugu formi auk rafrænnar útgáfu.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar